



## Stjórnarfundur FNS

### Fundargerð

**Miðvikudagur 17. apríl 2019, kl. 12:00, Framvegis**

Mættar:

Klara Guðbrandsdóttir, Systa Sigurðardótti, Helga Tryggvadóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir og Helga Lind Hjaltadóttir voru á Zoom.

1. Aðalfundur verður föstudaginn 3. maí
  - a. Fundarstjóri verður Systa Sigurðardóttir
  - b. Fundaritari veður Klara Guðbrandsdótti
  - c. Eigum eftir að finna skemmtiatriði
  - d. Svanhildur og Hildur Katrín sjá um veitingar
  - e. Hela Lind sér um að panta salinn. Helga Try sér um að boða til aðalfundur.
  - f. Fundurinn verður á Öldugötunni
    - i. Það vantar 2 félagsmenn í fræðslunefnd
    - ii. Í fagráð vantar, einn í grunnskóla, einn í framhaldsskóla, 1 – 2 í háskóla og tvo í atvinnulífið
    - iii. Siðanefnd, Klara eða Helga fara þar inn. Hildur Ingólfsd er til í að vera áfram en Jónína Káradal hættir. Það vantar tvo til viðbótar.
2. Dagurinn sem búið var að plana fyrir grunnskólaráðgjafana verði í ágúst á undirbúningstímabili.
3. Stefnumótun, fara á fund í ráðuneytinu 24. apríl. Kona sem Ingibjörg fyrrum foramaður var í sambandi við hafði samband og boðað til fundar. Hverjar eru áherslur FNS og hverjar eru líklegustu leiðirnar til að fá eitthvða í gegn. Norðmenn eru mikið í þessari vinnu, mikil áhersla á hinum norðurlöndunum og getum við fengið gögn þaðan.
4. Helga setur inn á g-drifið það sem hún hefur tekið saman um lög og reglur.
5. Ályktanir.
  - a. Ráðningar í grunn- og framhaldsskóla, setja fram ályktun og ýta á þessi réttindamál. Skoða hvernig staðn er.
  - b. Gott að eiga upplýsingar um fjölda ráðþega á hverjum stað og fjölda leyfisbréfa.
  - c. Bera ályktunina upp á aðalfundi, Helga Try semur hana.
  - d. Ráðningamál, fjöldi nemenda, náms- og starfsfræðsla
6. Lagabreytingar, breyta lögum þannig að aðalfundur megi vera í maí.
7. NFSY Margrét fer til Bradislava og NFSY greiðir fyrir hana. Spurning um kostnað fyrir annan félagsmann. Ingibjörg er tilbúin til að fara á aðalfundinn en ætlar ekki að sitja ráðstefnuna. Þetta hefur verið rætt áður, það þarf að skoða gamlar fundargerðir og athuga hver niðurstaðan var. Spennandi hlutir að gerast í Noregi, Margrét tekur saman upplýsingar um fundinn.

Fundi slitið klukkan kl. 13:10

Fundarritari: Svanhildur Svavarsdóttir

